



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Vorönn 2024

**DANS2DL05**

Daglegt líf

Kennari: **Sigríður Sigurðardóttir (SGS) sigridurs@fsu.is**

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að byggja grunn í tungumálinu. Efni áfangans fjallar um daglegt líf og markmiðið er að styrkja alla færniþætti tungumálsins.

**Tal:** Áhersla er lögð á að nemendur þjálfist í að tala einfalda dönsku, tvö og tvö saman eða með kennara.

**Hlustun:** Nemendur vinna með hlustun sem tengist þeirra áhugasviði og daglegu lífi.

**Ritun:** Nemendur skrifa stutta texta eins og td persónuleg bréf, nota nútíð og þátíð.

**Orðaforði:** Nemendur vinna með orðaforða í tengslum við námsefnið.

**Lestur:** Nemendur lesa smásögur og ýmiss konar texta af netinu.

**Þekkingarviðmið** - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grunnþáttum í ritun á dönsku
- daglegu lífi ungs fólks í Danmörku
- stuttum textum sem fjalla um kunnuglegt efni
- orðaforða sem tengist áhugasviði og daglegu lífi
- einföldu daglegu talmáli um kunnuglegt efni

**Leikniviðmið** - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- nota viðeigandi hjálpargögn og upplýsingatækni
- svara spurningum skriflega og skrifa stutta texta í samfelldu máli um efni sem hann hefur áhuga á eða þekkir til
- beita orðaforða á skýran og réttan hátt
- svara spurningum munnlega og taka þátt í einföldum samræðum um kunnuglegt efni
- skilja talað mál þegar talað er skýrt um kunnuglegt efni
- lesa ýmiskonar texta á eigin áhugasviði og beita viðeigandi lestraraðferðum hverju sinni

**Hæfniviðmið** - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fylgjast með frásögnum og skilja aðalatriði ef efnið er kunnuglegt
- tileinka sér aðalatriðin í stuttum greinum og draga ályktanir af því sem hann les
- tjá skoðun sína
- lesa einfaldan skáldskap sér til ánægju
- miðla eigin skoðunum og tilfinningum skrifa stutta samantekt, t.d frá grein eða frétt af veraldraefnum

**Námsefni:**

- Efni af netinu
- Smásögur úr Gnist og Pip í papkassen
- Hlustunarefni frá Danamarks Radio

**Áfanginn er án lokaprófs**

Námsmat er fjölbreytt og fer eftir viðfangsefni hverju sinni. Námsmatið nær til allra færniþátta tungumálsins þ.e lesturs og lesskilnings, hlustunar, ritunar og talaðs máls. Flest verkefni eru metin til námsmats.

**Námsmat:**

Námsháttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Ritun	2 ritunarpróf	20%
Munnlegt	2 munnleg próf	20%
Hlustunarpróf	2 hlustunarpróf	20%
Smásögur	5 smásögupróf	30%
Virkni og vinnubrögð	Mæting, verkefnaskil. þátttaka í tímum	10%
Samtals		100%

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1 - 4	1. janúar - 28. janúar	Danskir fjölmiðlar Lestur, hlustun, ritun og munnlegt  Kennsla hefst fös. 5. janúar.	Smásögupróf 1 og 2 Ritunarpróf 1
5 - 8	29. janúar- 25. febrúar	Danskir fjölmiðlar Lestur, hlustun, ritun og munnlegt  Vetrarfrí 19.-20 febrúar	Smásögupróf 3 og 4 Hlustunarpróf 1
9 - 12	26. febrúar - 24.mars	Danskir fjölmiðlar Lestur, hlustun, ritun og munnlegt  Kátir dagar 28.-29. febrúar Flóafár 1. mars Áfangamessa 7. mars Miðannarmat 8. mars Valdagur 13.mars	Ritunarpróf 2 Munnlegt próf 1

<b>13 - 16</b>	25.mars - 21.apríl	Danskir fjölmiðlar Lestur, hlustun, ritun og munnlegt  Páskafri 25.mars-1.apríl	Smásögupróf 5 Hlustunarpróf 2
<b>17 - 19</b>	22. apríl - 8. maí	Danskir fjölmiðlar Lestur, hlustun, ritun og munnlegt  Síðasti kennsludagur mið. 8. maí	Munnlegt próf 2 Skráp

**Sérreglur áfangans:**

Nemendur þurfa að taka próf úr öllum færniþáttum tungumálsins (ritun, lestur, hlustun og munnlegt) til þess að ná áfanganum.

Nemendur verða að skila inn verkefnum til að geta tekið próf í lesskilningi og hlustun.

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

**Selfoss, 5. janúar 2024**

Kærlig hilsen,  
Sigríður